

66. kirkjuþing 2024 – 2025

15. mál - þskj. 15a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 29/2023-2024.

Flm. Þuríður Björg W. Árnadóttir, Hilda María Sigurðardóttir, Jóhanna Gísladóttir.

1. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup Íslands skipar verkefnastjóra kirkjuþings unga fólksins að vori ár hvert og boðar til þingsins í samráði við forseta kirkjuþings hins almenna.

Þingið skal haldið árlega að hausti og starfi í tvo daga yfir helgi. Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag.

2. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við verkefnastjóra og starfandi svæðisstjóra æskulýðsmála.

3. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Á kirkjuþingi unga fólksins eiga sæti 21 fulltrúi prófastsdæmanna með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Fjöldi fulltrúa hvers prófastsdæmis er sem hér segir:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, 3 fulltrúar
1. Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, 3 fulltrúar
2. Kjalarnessprófastsdæmi, 3 fulltrúar
3. Vesturlandsprófastsdæmi, 2 fulltrúar
4. Vestfjarðaprófastsdæmi, 2 fulltrúar
5. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, 2 fulltrúar
6. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, 2 fulltrúar
7. Austurlandsprófastsdæmi, 2 fulltrúar
8. Suðurprófastsdæmi, 2 fulltrúar

Tveir fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi eiga seturétt á kirkjuþinginu með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 16 til 35 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og með tengst við þjóðkirkjuna í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir. Svæðisstjórar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastsdæmi. Í þeim

prófastdæmum þar sem svæðisstjóri er ekki starfandi skal prófastur annast tilnefningar. Biskup tilkynnir öllum sem að framan greinir um rétt þeirra til að tilnefna fulltrúa. Svæðisstjóri og prófastur, þar sem við á, tilkynna valda fulltrúa til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins. Skulu fulltrúar kirkjuþings unga fólksins vera valdir til tveggja ára. Geti fulltrúi ekki komist á þingið af einhverjum orsökum skal nýr fulltrúi (varamaður) vera valinn í hans stað sem hefur þá þátttökurétt til tveggja ára.

Verkefnastjóra ber að tilkynna völdum þingfulltrúum um rétt þeirra til setu á kirkjuþingi unga fólksins fjórum vikum fyrir þingdag. Verkefnastjóra ber að leita skriflegs leyfis forráðamanna þingfulltrúa sem ekki hafa náð lögaldri fyrir þátttöku á þinginu.

Þingið telst þinghæft ef tveir þriðju sæta eru setin.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Erfiðlega hefur gengið að manna og framkvæma kirkjuþing unga fólksins undanfarin ár eftir settum starfsreglum. Flutningsmenn töldu því nauðsynlegt að gera breytingar á núgildandi reglum til þess að einfalda framkvæmd og gera verkefnastjóra og þeim sem ábyrgð bera á þinginu auðveldara fyrir að framfylgja þeim.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Sú breyting er gerð að í stað þess að stjórn ÆSKP kjósi verkefnastjóra sé það á ábyrgð biskups að skipa verkefnastjóra þingsins. Þingið er á ábyrgð biskups og því eðlilegt að launuð ráðning sé á hendi biskups. Ráðningin skal fara fram að vori og boðun til þingsins vera gerð samhliða. Þá er gert ráð fyrir því að þingið sé haldið að hausti og sé því í meiri tengslum og nálægð við kirkjuþing hið almenna.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að svæðisstjórar æskulýðsmála komi að undirbúningi og framkvæmd þingsins ásamt verkefnastjóra. Svæðisstjórar, sem vonandi verða starfandi fyrir allt landið, hafa góða tengingu inn í söfnuðina á sínu svæði og ættu að hafa góða yfirsýn og tengingar við þá fulltrúa sem eiga erindi á þingið.

Um 3. gr.

Lagt er til að fækka fulltrúum úr 29 í 21. Einnig sitji þingið tveir fulltrúar KFUM og KFUK með málfrelsi og tillögurétt. Þátttakendur á kirkjuþinginu verða því samtals 23. Þá er það sett í reglur að þingið teljist einungis þinghæft ef tveir þriðju hlutar fulltrúa, þ.e. 14 fulltrúar sitji þingið.

Þá er sú breyting gerð að fulltrúar sem sitja fyrir ákveðið prófastsdæmi þurfi einungis að hafa þangað tengingu sem svæðisstjóri samþykkir, en þurfi ekki að vera starfandi í sínu prófastdæmi þegar þingið fer fram. Sú breyting er gerð vegna þeirrar staðreyndar að víða á landsbyggðinni eru ungmenni á þessum aldri búsett tímabundið út fyrir sitt prófastdæmi t.d. vegna skólagöngu eða annarra verkefna og því ekki starfandi þar á þessum tímapunkti. Svæðisstjóri metur það hvort tenging tilnefndra fulltrúa við prófastdæmið sé fullnægjandi til þátttöku. Þá eru aldursmörk hækkuð úr 14 ára í 16 ára og gert ráð fyrir að fulltrúar hafi útskrifast úr grunnskóla við þátttöku. Þá er gert ráð fyrir því að svæðisstjóri afli skriflegs leyfis þátttakenda sem eru undir lögaldri fyrir þátttöku á þinginu.

Um 4. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálf.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum kostnaði af tillögu þessari.